



## Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Austurvegi 6, 860 Hvolsvöllur  
kt. 570269-5509  
Sími 488-4100, Fax 488-4101  
Bankar: 182-26-110, 308-26-8888

*Alþingi  
Erindi nr. B132/2168*

*komudagur 24.5.2006.*

Nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hvolsvelli 18. maí 2006.


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna breytts fyrirkomulags á skráningu og þinglýsingu skipa.**

Undirritaður fagnar framkomu þessa frumvarps, það gerir framkvæmdina einfaldari, byggir upp sérþekkingu á einum stað og tryggir örugga skjalvörslu þinglýsingarskjala. Það ástand sem er í þessum málum í dag, með framsendingu skjala við flutning skipa milli umdæma er úrelt fyrirkomulag sem líka hefur haft í för með sér hættu á mistökum sem algerlega er komið í veg fyrir með þessari lagasetningu.

Í lögnum er jafnframt tryggt að nauðungarsölu á skipi megi flytja milli umdæma sbr. breytingu á lögum um nauðungarsölu nr. 90/1991 með síðari breytingum. Hér myndu hagsmunir gerðarbeiðenda ráða ferðinni því ekki kæmi til þess að nauðungarsala yrði flutt á annað embætti nema að ósk hans eða samþykkis sbr. og 3. mgr. 13. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Lagt er því til að frumvarp þetta verði samþykkt óbreytt sem allra fyrst.

Virðingarfyllst

  
Kjartan Þorkelsson